

# Byggðasafn Dalamanna

## - Húsmæðraskólinn á Staðarfelli -

Byggðasafn Dalamanna er viðurkennt safn og fellur því undir safnalög nr. 141/2011 og þarf að uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 900/2013, um viðurkenningu safna.

Þó svo að starfsemi menningarminjasafna fjalli í eðli sínu um fortíðina, þá er rétt að hafa í huga að fáar stéttir hugsa jafn mikið um framtíðina og safnamenn. Vinna við söfnun, skráningu og varðveislu menningarminja byggir á að geta miðlað fróðleik næstu 50, 100 eða 500 árin.

Staðarfell á Fellsströnd á sér mikla sögu í gegnum aldirnar. Sérstaða héraðsins liggur ekki síst í búsetu í Breiðafjarðareyjum og fjölbreyttri nýtingu hlunninda og frá Staðarfelli er góð eyjasýn. Náttúran er fjölbreytt frá fjöru til fjalls með fjölbreyttum útivistarmöguleikum. Skólahúsið sjálft er athyglisverð bygging að hluta til byggð 1912-13. Á hlaðinu er einnig Staðarfellskirkja frá 1891 og gamli kirkjugarðurinn.

Með ákveðnum breytingum myndu byggingar Húsmæðraskólans á Staðarfelli uppfylla þarfir Byggðasafns Dalamanna, miðað við núverandi starfsemi og gott betur. Byggingar á Staðarfelli gætu hýst alla starfsemi safnsins og mikið svigrúm er til þróunar og jaðarstarfsemi. Ekki ætti að vera þörf á ný- eða viðbyggingum miðað við áætlanir um starfsemi næstu 25 árin.

Byggingarnar sjálfar eru stærsti þátturinn í stofnkostnaði. Kostnaðarsömustu endurbæturnar eru lyfta, að taka niður nokkra vegg, lýsing í samræmi við starfsemi og mála þarf allt húsið að innanverðu. Síðan gæti verið skynsamlegt að byggja upp hjallinn fljótlega. Rekstrarkostnaður safnsins eykst, en tekjumöguleikar einnig. Fleiri störf og möguleikar á lengri sumaropnun og fjölbreyttari starfsemi. Mikill kostnaður og vinna kemur til með að liggja í flutningi á safnkosti og kostnaður í gerð sýninga og kaup á sýningabúnaði. Ekki er enn búið að finna lausnir á flutningi baðstofu og annarra stórra muna.

Staðarfell telst þó seint vera miðsvæðis samgöngulega séð og malarvegir eru fyrir strandir. Vegagerðin áætlað að umferðin sé 50 bílar á dag yfir árið, 80 bílar yfir sumarið og 35 bílar yfir veturinn. Nauðsynlegt er að koma einhverjum traustum viðkomustað fyrir á þessari leið, m.a. vegna áætlana um að hún verði hluti af nýjum Vestfjarðahring.

Staðarfellskirkja og gamli kirkjugarðurinn eru á sama hlaði og skólahúsið, en á hinum endanum. Ekki er víst að allar kirkjulegar athafnir (sérstaklega jarðafarir) og safnastarf fari saman. En með starfsemi í skólahúsinu og viðhaldi bygginga ættu kirkjugestir að njóta fallettri aðkomu að staðnum en ella og eflaust er hægt að finna sameiginlegan grundvöll báðum aðilum til hagsbóta.

Nathalie Jacqueminet forvörður og Valdís Einarsdóttir safnvörður fóru 16. ágúst á helstu staði sem hafa komið til umræðu sem framtíðarhúsnæði fyrir safnið. Húsnæðið Húsmæðraskólans á Staðarfelli uppfyllti þarfir safnsins best og eina sem var nógu stórt undir starfsemina, án þess að þurfa að fara í nýbyggingar innan mjög skamms tíma.

Verði Byggðasafni Dalamanna ekki fundið húsnæði til framtíðar innan skamms er hætt við að safnkosturinn endi í geymslum næstu 25-50 árin og sú starfsemi sem verið er að byggja upp í kringum safnið lognist útaf. Þá ber að hafa í huga að kostnaður við að geyma allan safnkostinn við góð varðveisluskilyrði í langan tíma getur orðið mjög hár.

Hafa ber í huga að í Byggðasafni Dalamanna eru ekki eingöngu falin mikil verðmæti um byggðasögu Dalanna, heldur er safnið líka hluti af menningararfi þjóðarinnar. Það rannsóknarstarf og söfnun sem þarna er um að ræða verður því ekki metið til fjár. Sterkt safn með lifandi starfsemi hefur mikið að segja fyrir nærsamfélagið. Skapar atvinnu, eykur héraðsvitund og samkennd, auk þess að vera staður þar sem tekið er á móti brottfluttum Dalamönnum og þeirra afkomendum. Síðast en ekki síst er það mikivægur hluti af sérstöðu þessa sögulega svæðis.

## Byggingar Húsmæðraskólans á Staðarfelli

Eigandi bygginga er ríkisjóður.

Elsti hluti skólahússins er frá 1912-1913, viðbyggingu og efstu hæðinni var bætt við síðar. Alls er það 751 m<sup>2</sup> á þremur hæðum og kjallara. Í húsinu eru 24 herbergi, eldhús, matsalur, þvottahús ofl.

Íbúðarhús með þremur íbúðum er frá 1969, stærð 291 m<sup>2</sup> með kjallara. Annað íbúðarhús með tveimur íbúðum er frá 1971, stærð 135 m<sup>2</sup>.

Véla- og verkfærageymsla er frá 1955, 48 m<sup>2</sup>, þar er m.a. kyndiklefi fyrir olíukyndingu.

Hjallur frá 1948 er fyrir ofan skólabbyggingu er með kæligeymslu og þurrksvæði, stærð um 68 m<sup>2</sup>.

Heildarstærð bygginga húsmæðraskólans er um 1.300 m<sup>2</sup>. Brunabótamat er 265.547.000 kr og fasteignamatið er 59.810.000 kr.

Bogi Kristinsson þáverandi byggingafulltrúi Dalabyggðar og Valdís Einarsdóttir safnvörður skoðuðu allt húsnæðið í aprílbyrjun 2018 þegar SÁÁ afhenti ríkinu húsnæðið aftur. Sérstaklega var leitað eftir öllum ummerkjum um raka, sagga og myglu, en ekkert fannst. Einnig fór fram almenn skoðun á gæðum og burðarvirki sjálfrar byggingarinnar.

Flestir sjá fyrir sér stóra sali þegar kemur að húsnæði fyrir minjasöfn, en síðan fer ákveðinn kostnaður, vinna og hönnun í að skipta sölunum upp í minni rými. Krefst eingöngu annarrar hugsunar. Hluti húsnæðisins nýtist sem geymslur og vinnuaðstaða til skráninga.

## Parfaggreining á húsnæði fyrir safnið

Í 4. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 900/2013, um viðurkenningu safna kemur fram að *sýninga- og geymsluhúsnæði skal vera með þeim hætti að langtímavarðveisla gripa sé tryggð*. Það er sagga- og myglufrítt, rétt raka- og hitastig, takmarkað sólarljós, brunavarnir ofl. Raka- og hitastigi má hafa nokkra stjórn á og gera má nokkuð einfaldar ráðstafanir til að takmarka sólarljósið. Að losna við sagga og myglu getur verið kostnaðarsamt og árangur oftast en ekki, ekki í samræmi við kostnað og aðgerðir. Langtímavarðveisla safnkosts er grundvallaratriði þegar kemur að vali á húsnæði fyrir safnið.

Í 6. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 900/2013, um viðurkenningu safna kemur fram að *aðgengi að húsnæði safns skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og eins mikið tillit tekið til þarfa fólks með fötlun og kostur er*. Þar sem húsnæðið er á þremur hæðum og kjallara þarf að setja lyftu í húsið, en það auðveldar einnig allan flutning á safnkosti milli hæða. Þá geta þröskuldar og inngangur orðið fyrirstaða. Yfirfara þarf húsnæðið m.t.t. aðgengis og finna viðeigandi lausnir.

Núverandi húsnæði safnsins á Laugum er um 300 m<sup>2</sup> og vantar a.m.k. annað eins rými fyrir starfsemi safnsins sé horft 25 ár fram í tímann. Stækkun á húsnæði er fyrst og fremst geymslur, vinnuaðstaða og fjölnota salur fyrir móttöku, fræðslufundi, samkomur og veitingar.

Sýningarrými þarf að vera a.m.k. 250-300 m<sup>2</sup>, en þó teygjanlegt því nýting á rými/sýningu er mismunandi, t.d. hlutfall veggja og gólfrymis. Sýningarrýminu er síðan skipt upp milli fastra sýninga og tímbundinna sýninga. Fjölbreytt sýningaraðstaða með misstórum og mismunandi rýmum getur verið kostur og skapað nýja möguleika.

Stækka þarf geymslur umtalsvert og bæta aðstöðu til að sinna skráningu, forvörslu og rannsóknum. Í geymslum skiptir hæð á rými máli og aðgengi, t.d. stórar dyr. Kostir við að hafa sýninga- og geymsluhúsnæði á sama stað er að auðveldara er fyrir einn starfsmann að sinna verkinu. Enginn flutningur verður á milli staða þegar skipt er um sýningar og þar með minni áhætta fyrir safnkostinn og heildarkostnaður lækkar. Á móti kemur að erfitt getur verið að finna húsnæði sem hentar bæði fyrir geymslur og sýningar. Mikilvægt er að reikna með aukningu safnkostsins þar sem safninu er skylt að bjarga sögulegum verðmætum, þótt söfnunaraðferðir séu allt aðrar í dag en var á fyrstu starfsárum þess. Þá eru þarfir safnkostsins mismunandi og grófari muni má hugsa til geymslu lengra frá, allt að 30-40 km fjarlægð.

Í safnahúsinu þarf að vera aðstaða fyrir móttöku gesta, fundi, samkomur og veitingar, auk eldhúss. Gott útisvæði gefur marga möguleika.

## Áhættumat

Áhættumat er grunnur að neyðaráætlun, framkvæmdaáætlun og forgangsörðun verkefna. Mikilvægt er að setja forvarnir í forgang, að öðrum kosti er hætt við að ekki verði sýningarhæfir munir til miðlunar þegar horft er til framtíðar.

### Ytri þættir

Staðsetning safnsins er utan virkra eldfjalla. Næstu virku eldfjöll eru á Snæfellsnesi, en þau hafa ekki gosið á sögulegum tíma. Öskufall hefur verið óverulegt í Dölum við eldgos síðustu áratuga (alda).

Staðsetning safnsins er utan virkra jarðskálftabelta og merkjanlegir jarðskjálfta fátíðir á svæðinu. Elstu byggingarnar, skólahús og kirkja, bera engin ummerki jarðskjálfta. Því ætti ekki að þurfa að fara í aðrar varúðarráðstafanir en hefðbundnar veggfestingar og gæta að staðsetningu brothættra muna.

Árið 2011 tók Byggðasafn Dalamannasaman lista yfir öll þekkt snjóflóð í Dölum. Engar heimildir fundust fyrir snjóflóðum úr hlíðinni ofan við húsmæðraskólann. Þekkt eru lítil snjóflóð og grjóthrun innar á hlíðinni.

Styðsta loftlína til sjávar er um 200 metrar. Skólahúsið liggur í um 60 metra hæð yfir sjávarmáli á gömlum sjávarkambi og því lítil hætta á ágangi sjávar, flóðbylgjum eða öðru tjóni. Stysta loftlína í vatnsfall eru tæpir 250 metrar. Önnur vatnsföll, vötn og tjarnir eru enn lengra frá.

Eldingar, ísing og hvassviðri eru afar sjaldgæf á Staðarfelli. Aftur á móti geta orðið nokkur snjóþyngsli og leysingar. Ekki hafa þó orðið vandamál í kjallara vegna leysingavatns.

Ekki er talin ástæða til að gera sérstaka neyðaráætlun vegna veðurs, en kannað verður hvort gera þurfi frekari ráðstafanir vegna snjóá og leysingavatns.

Tvö tré er á lóðinni í um 20 metra fjarlægð frá skólabyggingunni, en ná ekki þeirri hæð að lenda á skólahúsinu.

Tún (gras) liggur að byggingunni að hluta og er slegið reglulega þannig að ekki verður sinumyndun og hætta á sinubrunum.

Fuglalíf er á staðnum, en ekki þekkt staðsetning hreiðra og hvort fuglar gera sig heimkomna inni í byggingum. Mýs komast yfirleitt inn sé nokkur smuga. Vitum eingöngu um ástandið frá því SÁÁ fór frá staðnum, en ekki hefur orðið vart við músagang í byggingunum á þeim tíma.

### Innri þættir

Erfitt er að meta alla innri þætti fyrirfram. Safna þarf gögnum um hita- og rakasveiflur til að gera áætlanir um endurbætur, loftræstingu, vörslu muna og fleira. Gera þarf áætlun um nýtingu einstakra rýma og meta áhættu eftir notkun.

Brunavarnarkerfi er í húsinu en ekki er vitað um ástand þess. Gera þarf sérstaka úttekt á brunavörnum m.t.t. til nýrrar starfsemi. Mest hætta á tjóni er metin vera af reyk- og sótmengun komi upp bruni. Brunahætta er fyrst og fremst tengd eldhúsi. Takmörkuð brunahætta er á sýningum og geymslum vegna eðli starfseminnar.

Ástand lagna í húsinu er óþekkt. Reiknað er með að vatnslagnir á annarri og þriðju hæð verði aflagðar. Ástand raflagna hefur ekki verið tekið út. Ljóst er að yfirfara þarf alla lýsingu m.t.t. starfsemi og raflagnir verði þá yfirfarnar þegar gerð verður áætlun um lýsingu.

## Stofnkostnaður

Samkvæmt 11. grein safnalaga nr. 141/2011 er ríkissjóði heimilt að veita viðurkenndu safni styrk úr ríkissjóði til að mæta stofnkostnaði, að uppfylltum skilyrðum. Ekki er um fast hlutfall né upphæð að ræða.

Stofnkostnaður er byggingar (verðmat), endurbætur (lyfta, fjarlægðir veggir, málning ofl.) og flutningur á safnkosti (pökkun, flutningur og uppsetning sýninga).

Um byggingingar gildir verðmat/samkomulag við seljanda (ríkissjóð). Brunabótamat er 265.547.000 kr og fasteignamat 59.810.000 kr.

Kostnaðaráætlun vegna endurbóta verður gerð ef vilji er til að fara í samninga við ríkið um húsnæðið til handa safninu. Á þeim lista er lyfta, taka niður vegg, mála húsið að innan, varnir gegn sólarljósi, lýsing, brunavarnir, innbrotskerfi, hita- og rakastilling, innanstokksmunir í eldhús og funda-/veitingasal, hjallurinn, varmadælur og kanna betur jarðvarma. Hugsanlega bætast fleiri atriði við þennan lista þegar farið verður í formlega áætlun um endurbætur.

Verið er að gera verk- og kostnaðaráætlun um pökkun á safnkostinum. Enn á þó eftir að finna lausnir á flutningi á baðstofu og stærri munum sem ekki komast auðveldlega um hurðir á Laugum.

## Rekstur

Kynnt er með olíu/rafmagni. Möguleikar eru á að lækka kyndikostnað með varmadælum og jarðvarma.

Ljóst er að rekstrarkostnaður safnsins eykst miðað við kjallarann á Laugum. Á móti kemur að tekjumöguleikar aukast líka og þannig grundvöllur fyrir fleiri störf á safninu.

Safnahús eru undanþegin fasteignaskatti ef söfnin eru ekki rekin í ágóðaskyni, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

## Flutningur safnkosts

Langtímalausn er mikilvæg því það er hættulegt fyrir safngripi að vera fluttir á milli staða og skal ávallt forðast að gera það tvisvar (eða oftar) á stuttum tíma. Stór kostur er því að geta flutt safnkostinn beint frá Laugum í nýtt framtíðarhúsnæði.

Mikilvægt er að hafa góðan tíma til að pakka munum og flytja þá. Nauðsynlegt er að halda nákvæmar skrár þar sem kemur fram hvaða gripir eru fluttir, hvenær og hvert.

Helstu hættur við flutning safnkost eru að gripir úr timbri eiga á hættu að skemmast vegna hita- og rakabreytinga. Rakastig í gamla og nýja húsnæðinu þarf að vera svipað við flutning. Forðast skal að flytja safngripi þegar það er frost úti. Besti tíminn til flutninga er því á sumrin því þá er minni mismunur á milli rakastigs inni og úti. Þá má búast við höggskemmdum þegar pakkað er í flýti, pökkun ábótavant og önnur mannleg mistök við meðhöndlun. Einnig er alltaf hættu á að gripir tynist eða merkingar á þeim við flutninga.

Við gerð kostnaðaráætlunar vegna flutnings á safnkostinum þarf að taka tillit til búnaðar til að flytja munina, mannskap í pökkun (þ.m.t. fræðsla um pökkun) og pökkunarefni (kassar, pappír, svampar, yfirbreiðslu ofl.).

Gera þarf sérstaka áætlun um erfiðustu gripina eins og baðstofuna og bátinn. Þetta eru stórir og þungir gripir sem krefjast sérstaks undirbúnings. Baðstofuna þarf t.d. að undirbúa sérstaklega, ljósmynda ítarlega fyrir flutning (hugsanlega í 3D), fá hæfa smíði og halda vel utanum skráningu byggingarhluta.

6. desember 2019

Valdís Einarsdóttir safnvörður Byggðasafns Dalamanna

Nathalie Jacqueminet forvörður og safnafræðingur